

Ed.

679. Nefndarálit

um frumvarp til laga um viðauka og breyting á lögum um aðflutningsbann á áfengi nr. 44, 30. júlí 1909.

Frá meiri hluta nefndarinnar.

Meiri hluti nefndarinnar, sem háttvirt efri deild kaus til að athuga mál þetta, hefir komist að þeirri niðurstöðu, að ráða deildinni til að samþykkja það með þessum

BREYTINGARTILLÖGUM:

1. Fyrsta grein orðist svo:

Aftan við 2. gr. komi ný málsgrein svo hljóðandi:

Að endingu skal ræðismönnum framandi ríkja, sem þar hafa fæðingar-rjett, vera heimilt að flytja frá útlöndum einu sinni á ári áfengisforða, er nemi alt að 800 litrum til heimilisþarfa sinna um 1 ár í senn. Þó má áfengið ekki hafa meira í sjer af áfengisvökva en 15%.

Öðrum en þeim er hjer hafa verið taldir, má ekki leyfa innflutning áfengis, flutning úr skipi í annað skip eða úr skipi í land.

2. Aftan við frumvarpið bætist ný grein, er verði 5. grein og hljóðar svo:

Þá er lög þessi eru staðfest, skal fella þau inn í texta laga nr. 44 frá 30. júlí 1909, og getur konungur þá gefið þau út þannig breytt, sem lög um aðflutningsbann á áfengi.

Efri deild Alþingis 1. sept. 1913.

G. Björnsson,
form.

Björn Þorláksson
skrifari og framsögum.

Sigurður Stefánsson,
með fyrirvara.

Jón Jónatansson,
með fyrirvara.